

✉ FW: Re: Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Áshildarmýri

Búið til	18.10.2021 13:49:18
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	18.10.2021 13:49:17
Tilheyrir	 202109-0035 - Umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Áshildarmýri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Efni

FW: Re: Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Áshildarmýri

Upplýsingar

Sent	18.10.2021 13:49:17	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	os@os.is

Innihald

From: Snorri Sigurðsson - NI
Sent: 18 October 2021 13:48
To: mariag@os.is
Subject: Re: Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Áshildarmýri

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202109-0035 (LA,SS).

Vísað er í bréf frá Orkustofnun dags. 27. september 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er varðar umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Áshildarmýri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn og vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

Gögnin eru að mati Náttúrufræðistofnunar ekki alveg fullnægjandi. Í fyrsta lagi virðist ekki fylgja með samningur um jarðhitaréttindi og ekki er heldur hægt að sjá á lóðauppdrætti hvar borholan er staðsett innan Áshildarmýrar. Þess vegna er erfitt að leggja mat á áhrif orkuvinnslunnar á náttúrufar svæðisins.

Ef skoðuð er loftmynd af svæðinu virðist sem holan sé staðsett vestan við Mýrina og veitulagnir frá henni liggja í norður og austur og m.a. þveri mýrina. Rask hefur því þegar orðið á svæðinu. Tilgreina þyrfti þessi mannvirki og áhrifasvæði borholunnar betur á meðfylgjandi uppdráttum.

Mýrin er fremur lítil og þar sem henni hefur verið raskað í sér miðji þá nær hún ekki þeirri stærð að falla undir ákvæði 61. greinar laga nr. 60 (2013) um náttúruvernd, sem fjallar um sérstaka vernd m.a. ósnortinna votlendissvæða. Þó virðist hún vera enn að miklu leyti óröskuð en áætluð uppbygging frekari sumarhúsalóða í kringum mýrina er líklegra til að vera meiri ógn við mýrina en nýting jarðhitans sem í umsókninni til Orkustofnunar er lítil (3,5 l/s meðalnýting). Af því sögðu þyrfti að leggja mat á hvort affallsvatn frá jarðhitanýtingunni sé að hafa áhrif á votlendið.

Þjósárhraun sem fellur hins vegar undir sérstaka verndun náttúruverndarlaga umlykur svæðið og er í raun undir mýrinni sömuleiðis en er lítið sem ekkert sýnilegt á yfirborði þar og því verndargildi þess lítið og líkt og með votlendið meira ógnað af uppbyggingu sumarhúsa en jarðhitanýtingunni.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "María Guðmundsdóttir" <mariag@os.is (mailto:mariag@os.is)>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is (mailto:Mottaka@ni.is)>

CC:

Subject: Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Áshildarmýri

Date: 27.9.2021 16:06:23

Góðan dag

Meðfylgjandi er beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Áshildarmýri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi ásamt umsókn og fylgiskjölum.

Óskað er eftir því að umsögn berist fyrir 18. október nk.

Frumrit bréfs verður póstlagt.

Bestu kveðjur/Best regards

María

María Guðmundsdóttir

Sérfræðingur – Jarðhitanýting/

Specialist – Geothermal Utilisation
Orkustofnun/National Energy Authority
Orkugarður, Grensásvegur 9
108 Reykjavík
Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) <http://www.nea.is> (<http://www.nea.is/>)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./
Think of the environment before printing this message.

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.jpg (11 KB)